

## 1994 nr. 121 21. september

### Lög um neytendalán<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Löginn falla úr gildi 1. nóvember 2013 skv. l. 33/2013, 36. gr., sbr. l. 85/2013, 1. gr.

Upphaflega l. 30/1993. Tóku gildi 1. október 1993. Endurútgefín, sbr. 15. gr. l. 101/1994, sem l. 121/1994. Tóku gildi 18. október 1994. Breytt með l. 179/2000 (tóku gildi 11. jan. 2001; EES-samningurinn: tilskipun 87/102/EBE), l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), l. 63/2008 (tóku gildi 12. júní 2008), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 33/2013 (taka gildi 1. nóv. 2013 nema 37. gr. sem tók gildi 5. apríl 2013; EES-samningurinn: XIX. viðauki tilskipun 2008/48/EU) og l. 85/2013 (tóku gildi 16. júlí 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innanríkisráðherra eða innanríkisráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Gildissvið og hugtök laganna.

■ 1. gr. Lög þessi taka til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.

■ 2. gr. Eftirtaldir lánssamningar eru undanþegnir lögum þessum:

a. Lánssamningar sem gilda skemmi tíma en þrjá mánuði.

b. Lánssamningar sem fela í sér endurgreiðslur án vaxta og kostnaðar.

c. Lánssamningar þar sem lán er veitt gegn lægra gjaldi en almennt gerist og stendur almenningi ekki til boða.

d. Leigusamningar, nema eignarleigusamningar, [sbr. lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði].<sup>1)</sup>

e. Lánssamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr. ....<sup>1)</sup>

....<sup>1)</sup>

□ Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki um samninga sem gerðir eru í því skyni að halda þeim utan gildissviðs laga þessara, svo sem með skiptingu fjárhæðar á fleiri en einn lánssamning.

<sup>1)</sup> L. 179/2000, 1. gr.

■ 3. gr. [Í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi, svo og sambærilegum lánssamningi með breytilegum höfuðstól, skulu neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um:

a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.

b. Hverjur vextir eru og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.

c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.

d. Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar verða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsfirliti, með auglýsingum í fjölmöldum eða á annan sambærilegan hátt.

e. Árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 10.–12. gr., við mismunandi notkun á heimildinni. Árlega skal senda neytanda almennar upplýsingar með dænum um útreikning kostnaðar samkvæmt þessum lið. Prátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að munnlegri beiðni neytanda að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi.

□ Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Fjármálfyrirtæki er ekki heimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi ef slík gjaldtaka á ekki stoð í samningi. Kostnaður vegna óheimils yfirdráttar

skal vera hóflegur og endurspeglar kostnað vegna yfirdráttarins.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 179/2000, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 63/2008, 1. gr.

■ 4. gr. Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. Neytandi er einstaklingur sem á lánsviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfi.

b. Lánveitandi er einstaklingur, lógaðili eða hópur slíkra aðila sem veitir lán.

c. Lánssamningur er samningur þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán í formi greiðslufrests eða svip-áðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.

d. Heildarlántökukostnaður neytanda er allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur.

e. Árleg hlutfallstala kostnaðar er heildarlántökukostnaður sem hlýst af gerð lánssamnings, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknuð út í samræmi við 10.–12. gr.

f. Eignarréttarfyrirvari er þegar við kaup á vöru er samið um að lánveitandi sé eigandi sölvöru þar til andvirði hennar er að fullu greitt samkvæmt lánnssamningi og að lánveitandi geti tekið vöruna til sín ef neytandi stendur ekki við skuld-bindingar sínar samkvæmt samningnum.

#### II. kaffli. Upplýsingaskylda lánveitenda.

■ 5. gr. Lánssamningur skal gerður skriflega og fela í sér upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 6. og 8. gr. Neytandi skal fá í hendur eintak af lánssamningnum.

■ 6. gr. Við gerð lánssamnings skal lánveitandi gefa neytanda upplýsingar um:

1. Höfuðstól, þ.e. lánsfjárhæð án nokkurs kostnaðar. Þegar lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal höfuðstóll lánsins jafngilda staðgreiðsluverði vörunnar eða þjónustunnar. Ef einungis hluti af andvirði vörunnar eða þjónustunnar er lánaður skal draga útborgunina frá höfuðstól.

2. Fjárhæð útborgunar, þ.e. höfuðstól að frádegnum lánskostnaði.

3. Vexti.

4. Heildarlántökukostnað í krónum, reiknaðan út skv. 7. gr.

5. Árlega hlutfallstolu kostnaðar, þ.e. heildarlántökukostnað, lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknaðri út skv. 10.–12. gr.

6. Heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar.

7. Fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga.

8. Gildistíma lánnssamnings og skilyrði uppsagnar hans.

9. Heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga, sbr. 16. gr.

□ Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atíðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstolu kostnaðar skal lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjur vextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið.

□ [Breytingar á gjaldtökum vegna lánssamninga samkvæmt lögum þessum skal tilkynna að lágmarki einni viku áður en þær taka gildi ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti að vali neytanda:

a. á vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á því, eða

- b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða
- c. með tölvupósti.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 63/2008, 2. gr.

#### Útreikningur á lántökukostnaði.

■ **7. gr.** Heildarlántökukostnaður felur í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi skal greiða af því, með þeim undantekningum sem greinir í 3. mgr.

□ Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala kostnaðar skal ekki tekið tillit til eftirfarandi kostnaðarliða:

1. Kostnaðar vegna vanskila.
2. Kostnaðar sem neytandi greiðir við kaup á lausafé eða þjónustu, hvort heldur kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða samkvæmt lánnssamningi.
3. Kostnaðar vegna yfirlærislu fjárár.
4. Kostnaðar vegna viðskiptareiknings sem ætlað er að taka við afborgunum af láninu að undanskildum kostnaði við innheimtu endurgreiðslna, hvort heldur um er að ræða staðgreiðslu eða annað greiðslufyrirkomulag.

5. Félagsgjalda er rekja má til samninga sem ekki tengjast lánnssamningnum, jafnvel þótt þau hafi áhrif á lánnskilmála.

6. Kostnaðar vegna trygginga eða ábyrgða nema þær eigi að tryggja lánveitanda endurgreiðslu lánsins.

□ Ákvæði 3.–4. tölul. 2. mgr. eiga því aðeins við að neytandi hafi hæfilegt valfrelsi um það með hvaða hætti yfirlærisla fjárlins eða endurgreiðslan fari fram, svo og að kostnaður sé ekki óeðlilega hár.

■ **8. gr.** Þegar samningur er gerður skal lánveitandi gefa neytanda upplýsingar um kostnað þann sem frá er greint í 2.–6. tölul. 2. mgr. 7. gr. og jafnframt tilgreina hvenær slíkur kostnaður fellur á. Ef kostnaður er óþekktur skal lánveitandi, ef kostur er, veita neytanda upplýsingar um hvernig hann er reiknaður út eða áætla hver hann er.

#### Breytilegur lántökukostnaður.

■ **9. gr.** Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytillegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytillegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.

#### Útreikningur árlegrar hlutfallstolu kostnaðar.

■ **10. gr.** Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánnssamningi þeirra. Árlegri hlutfallstolu kostnaðar skal lýst sem árlegrí prósentu af upphæð höfuðstóls lánsins. Hún skal reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkingu sem nánar skal mælt fyrir um í reglugerð<sup>1)</sup> er ráðherra setur.

<sup>1)</sup> Rg. 377/1993, sbr. 491/1993 og 236/2000.

■ **11. gr.** Árleg hlutfallstala kostnaðar skal reiknuð út á þeim tíma sem lánnssamningur er gerður. Við útreikning árlegrar hlutfallstolu skal gengið út frá því að lánnssamningur gildi umsaminntíma og að lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins.

■ **12. gr.** Ef lánnssamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstolu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemni á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstolu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánnstímans.

□ Þegar reiknuð er út árleg hlutfallstala kostnaðar skal gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Ef engin hámarksupphæð er tilgreind í lánnssamningi skal hámarksupphæð láns, sem veitt er, teljast 150.000 kr.

2. Ef ekki er tilgreindur ákveðinn lánnstími og ekki er unnt að ráða hann af samningi skal lánnstími talinn eitt ár.

3. Ef í samningi er kveðið á um fleiri en einn greiðsludag skal ganga út frá endurgreiðslu á þeim tíma sem samningur kveður fyrst á um.

#### Auglýsingar.

■ **13. gr.** [Á starfsstöð lánveitanda, svo og í auglýsingum og tilboðum, er skylt að upplýsa um árlega hlutfallstolu kostnaðar við lánnssamninga sem lög þessi taka til. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal einnig gefa upp staðgreiðsluverð hins selda. Um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein skal nánar mælt fyrir í reglugerð er ráðherra setur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 179/2000, 3. gr.

■ **14. gr.** Nú eru vextir eða annar lántökukostnaður ekki tilgreindir í lánnssamningi og er lánveitanda þá eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Að öðru leyti fer um vexti af neytandalánum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga.

□ Lánveitanda er eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur er í samningi skv. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð er lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstolu kostnaðar.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef lánveitandi getur sannad að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera. Ef ákvæði 1. eða 2. mgr. leiða til lækkunar eftirstöðva skal neytandi greiða þær samkvæmt samningum og lækkunin koma fram á síðustu afborgunum.

■ **15. gr.** Hafi lánveitandi ekki veitt þær upplýsingar, sem fyrir er mælt í 6. gr., sbr. 5. gr., getur það skapað honum bótaábyrgð, enda hafi neytandi mátt ætla að lánskjör væru hagstæðari en þau síðar reyndust vera.

#### III. kafli. Greiðsla fyrir gjalddaga.

■ **16. gr.** Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánnssamningi fyrir þann tíma sem umsaminntíma er. Notfaði neytandi sér heimild þessa á hann rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem nemur þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu eða lækkunar á gjöldum sem eru óháð því hvenær greiðsla er innt af hendi.

□ Ákvæði 1. mgr. á ekki við um greiðslu sem innt er af hendi fyrir gjalddaga þegar hún tengist ekki uppgreiðslu láns fyrir umsaminntíma lokajalddaga eða annarri breytingu á umsömdum afborgunum láns.

■ **[16. gr. a.]** Lánveitanda er óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af láni í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminntíma er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna.

□ Lánveitandi getur ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu.

□ Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald skal kveðið á um slíkt í lánnsamningi. Tilgreina skal upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður fellur á.

□ Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald má fjárhæð gjaldsins að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsamin er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánnsamningi með föstum vöxtum skal miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra skal setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 63/2008, 3. gr.

#### IV. kaffli. Framsal kröfuréttinda.

■ **17. gr.** Ef lánveitandi framselur kröfurétt sinn samkvæmt láni sem veitt er samkvæmt lögum þessum til þriðja aðila getur neytandi haldið uppi sömu mótbárum við hann og upphaflegan eiganda kröfunnar. Sama á við ef kröfuhafi hefur sett kröfuna að veði eða fjárnám hefur verið gert í henni.

□ Þetta á þó ekki við ef neytandi innir greiðslu af hendi til lánveitanda og veit eða má vita að lánveitandi hefur ekki rétt til að taka við greiðslu eða gera samning þar að lítandi.

□ Ef neytandi á kröfuna á hendur lánveitanda, sem jafnframt er seljandi, vegna kaupa, t.d. vegna galla, er framsalshafi með-ábyrgur lánveitanda.

□ Ákvæði þetta nær þó ekki til viðskiptabréfakrafna enda sé til staðar trygging, sbr. 18. gr.

■ **18. gr.** Seljandi, sem veitir neytanda lán samkvæmt lögum þessum í formi viðskiptabréfs, skal taka tryggingu vegna hugsanlegrar vanefndakröfu neytanda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfi standa.

□ Tryggingarfjárhæð innan hvers tryggingartímabils, sem er eitt ár, skal nema 5.000.000 kr. [Neytandi skal gera kröfuna um greiðslu tryggingarfjár innan tveggja ára frá afhendingu voru eða þjónustu, eða innan fimm ára þegar um ræðir sölulhlut sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um sölulhluti frá því að honum var veitt viðtaka.]<sup>1)</sup> Séu kröfuhafar fleiri en einn fer um rétt þeirra til tryggingarfjárvins eftir röð krefjenda. Að gengnum fullnaðardómi eða að gerðri réttarsátt um vanefnd og þegar ljóst er að seljandi getur ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni skal neytanda greitt af tryggingarfénu.

□ Ráðherra skal setja nánari ákvæði um tryggingarskylduna, gildissvið tryggingarinna, hverjur veitt geti tryggingu og skilmála í reglugerð. Í henni má einnig kveða á um lægri tryggingarfjárhæð en greinir í 2. mgr. þegar umfang viðskipta er það takmarkað að lægri tryggingarfjárhæð veitir nægjanlega vernd.

□ Nú hefur seljandi ekki gilda tryggingu samkvæmt grein þessara og getur kaupandi þá borið fram mótbárun svo sem bréfið væri ekki viðskiptabréf.

<sup>1)</sup> L. 63/2008, 4. gr.

#### V. kaffli. Kaup með eignarréttarfyrirvara og endurheimt eignarréttar.

■ **19. gr.** Ef sölulhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skyrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann. Skilyrði endurheimtunnar er að neytandi sé í vaniskilum með afborganir eða lánskostnað.

□ Þegar sölulhlutur er endurheimtur skal við uppgjör á milli aðila lánnsamnings reyna að komast sem næst því að þeir verði jafnsettir og ef viðskiptin hefðu ekki átt sér stað.

□ Ef andvirði sölulhlutar er meira en sem nemur eftirstöðvum lánnsamnings skal lánveitandi endurgreiða neytandi mismuninn. Ef andvirði sölulhlutar er minna skal neytandi endurgreiða lánveitanda mismuninn.

□ Við mat á andvirði sölulhlutar skal litið til þess hvort slit og rýrnun sölulhlutar er eðlilegt og til frádráttar vaxta frá endurheimtudegi til loka lánnsamnings.

□ Komi upp ágreiningur um hvað sé verð sölulhlutar á almennum markaði skal hann útkljáður með matsgerð tveggja dómkvaddra og óhlutdrægra manna. Matsmenn skulu ákvæða hvernig háttáð skuli greiðslu vegna kostnaðar við matið.

■ **20. gr.** Nú hafa fleiri en einn hlutur verið keyptir samkvæmt einum samningi og lánveitandi leggur fram kröfum endurheimt þeirra. Getur neytandi þá valið einn eða fleiri hlutanna til afhendingar gegn því að greiða um leið mismun andvirðis þeirra hluta sem hann heldur eftir. Ef inneign lánveitanda er minni en andvirðið á neytandi rétt á að fá mismuninn greiddan um leið og hlutinir eru afhentir.

□ Neytandi getur ekki leyst til sín hlut ef hann er úr safni eða samstæðu sem lánveitandi hefur einnig endurheimt frá neytanda og aðskilnaðurinn hefur í för með sér verulega rýrnun á verðmæti hlutanna.

#### VI. kaffli. Ýmis ákvæði.

■ **21. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 199. gr. <sup>2)</sup> Rg. 377/1993, sbr. 491/1993 og 236/2000.

■ **22. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur sett reglur<sup>2)</sup> um hvernig prenta skuli leiðbeiningar um réttarstöðu neytanda á skriflega samninga og skjöl sem löginn taka til.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 199. gr. <sup>2)</sup> Rg. 377/1993, sbr. 491/1993 og 236/2000.

■ **23. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur breytt fjárhæðum í lögum þessum eftir því sem verðlagsþróun gefur tilefni til.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 199. gr.

■ **24. gr.** Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara né reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, neytanda í óhag.

#### VII. kaffli. Bótaskylda, eftirlit og gildistaka.

■ **25. gr.** [Neytendastofa]<sup>1)</sup> annast eftirlit með ákvæðum laga þessara. [Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmæðferð.]<sup>2)</sup>

□ [Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda að undanskildum ákvörðunum um dagsektir.

□ Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómsstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

□ Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómsstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskjum um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málhöfðun frestar ekki gildistökum úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 34/2007, 2. gr.

■ **26. gr.** [Neytendastofa]<sup>1)</sup> getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag.

□ Áður en til banns kemur skv. 1. mgr. getur [Neytenda-stofa]<sup>1)</sup> lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem bann skv. 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr.

■ **27. gr.** Brot á lögum þessum getur valdið skaðabóta-skyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

□ Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara.

□ Bætur, sem dæmdar verða, sbr. 1. mgr., má innheimta hjá þeim einstaklingi sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðila þeim sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið.

■ **[28. gr.]** Lög þessi eru sett í samræmi við ákvæði í XIX. viðauka EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahags-svæðið, og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskip-

unar ráðsins nr. 102 frá 22. desember 1986, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán, ásamt síðari breytingum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 179/2000, 4. gr.

### [Ákvæði til bráðabirgða.]

■ **I.** Frá og með 15. apríl 2013 má árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 33/2013, 37. gr.

■ **[II.]** Nú er ágreiningur milli lánveitanda og neytanda er varðar lögmæti verðtryggingar í lánssamningi þeirra í milli. Hyggist annar hvor aðilanna höfða mál vegna slíks ágreinings getur hann óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Ákvæði þetta fellur úr gildi [1. nóvember 2013].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2013, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 33/2013, 37. gr.